

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2020
1901172/9.4/khn

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum (vefverslun með áfengi).

Í frumvarpi þessu er lagt til að smásala áfengs öls verði heimiluð á framleiðslustað að tilteknum skilyrðum uppfylltum meðal annars um gildandi aldursmörk til áfengiskaupa og framleiðslumagn leyfishafa. Þá er lagt til að leyfishafi muni geta selt áfengt öl með allt að 12% innihald af hreinum vínanda að rúmmáli á framleiðslustað. Þá er lagt til að heimila sölu áfengis í gegnum vefverslanir.

Embætti landlæknis hefur ítrekað undanfarin ár varað við og lagst gegn breytingum á því fyrirkomulagi á sölu áfengis sem er á Íslandi. Takmarkað aðgengi að áfengi, sem meðal annars felur í sér takmarkað aðgengi með einkasölu ríkisins á áfengi, er áhrifarík leið til að draga úr skaðlegum áhrifum vegna notkunar áfengis. Ekki þarf að efast um skaðleg áhrif áfengis á einstaklinga og samfélög en á hverju ári látast rúmlega þrjár milljónir manna í heiminum af áfengistengdum orsökum. Engin þekkt mörk eru um skaðleysi áfengis og því ber að lágmarka eða takmarka aðgengi og notkun áfengis eins og kostur er.

Í greinargerð er vísað í alþjóða skuldbindingar en ekki minnst á að meðal annars í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og áætlunum WHO til 2020 er markmiðið að draga úr notkun áfengis og þá sérstaklega skaðlegri notkun áfengis. Þessar skuldbindingar eru ekki síður mikilvægar og þá sérstaklega er varðar heilsufar þjóðarinnar.

Rannsóknir sýna aukna drykkju ungmenna með auknu aðgengi með netverslun. Dæmi um þetta má meðal annars sjá í Kanada en þar var aðgengi aukið árið 2015¹. Þá hafa komið upp vandamál varðandi staðfestingu á aldursmörkum við netverslun í Hollandi sem varð til þess að einn stærsti vefsöluaðilinn hefur tekið áfengi úr þjónustunni².

Ekki eru færð önnur rök eða sjónarmið fyrir þessari tillögu en að auka framboð á áfengi með hagsmuni framleiðanda og söluaðila að leiðarljósi. Ekki er tekið tillit til möglegra áhrifa á

¹ <https://movendi.ngo/news/2020/09/30/ontario-canada-increasing-alcohol-availability-fuels-harm-in-youth/>

² <https://movendi.ngo/news/2020/09/24/netherlands-biggest-web-shop-suspends-alcohol-sales-delivery/>

lýðheilsu. Umsögn embættisins byggir á lýðheilsusjónarmiðum, því leggst embættið gegn þessari breytingartillögu um aukið aðgengi að áfengi.